

FUNDARGERÐ
BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**730. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn mánudaginn 5. desember 2011
kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.**

Dagskrá:

1. Viðræður við forstöðumann tæknideildar og verkstjóra áhaldahúss.
2. Viðræður við fulltrúa Grettistaks ses.
3. Fjarskiptamál í Húnaþingi vestra.
4. Sorphirða í Húnaþingi vestra.
5. Viljayfirlýsing um samstarf í úrgangsmálum.
6. Erindi Icelandic Water Export.
7. Erindi Laxaseturs Íslands ehf.
8. Bréf Ungmennafélags Íslands.
9. Bréf Héraðsnefndar Strandasýslu.

Afgreiðslur:

1. Forstöðumaður tæknideildar og verkstjóri áhaldahúss eru mættir til viðræðna við byggðarráð. Farið yfir helstu verkefni sem eru í gangi s.s. jólaskreytingar, snjómokstur, gangstéttagerð o.fl. Einnig fjallað um ástand véla í áhaldahúsi.
2. Fulltrúar Grettistaks ses. Pétur Jónsson og Friðrik Jóhannsson eru mættir til viðræðna við byggðarráð. Fóru þeir yfir stöðu og rekstur félagsins.
3. Fjarskiptamál í Húnaþingi vestra. Oddviti er mættur á fundinn til að segja frá fundi sem hann og sveitarstjóri áttu með starfsmönnum Símans um fjarskiptamál í Húnaþingi vestra. Byggðarráð samþykkir að taka þátt í uppsetningu búnaðar til að auka nethraða og gagnaflutning á Hvammstanga og Laugarbakka úr 8 mb/s í allt að 16 mb/s.
4. Sorphirða í Húnaþingi vestra. Umhverfisstjóri og forstöðumaður tæknideildar eru mættir á fund byggðarráðs. Farið yfir framlögð útboðsgögn um sorphirðu í Húnaþingi vestra. Byggðarráð samþykkir framlögð gögn og felur starfsmönnum tæknideildar að auglýsa útboðið.
5. Lagt fram bréf frá Moltu ehf. drög að viljayfirlýsingu um samstarf sveitarfélaga á Norðurlandi í úrgangsmálum. Byggðarráð samþykkir að höfðu samráði við umhverfisstjóra framlögð drög og felur sveitarstjóra að skrifa undir viljayfirlýsinguna.
6. Lagt fram bréf Icelandic Water Export frá 28. nóv. s.l. þar sem farið er fram á framlengingu um eitt ár á ákvæði 2.1 í viðaukasamningi sveitarfélagsins og IWE frá 29. nóv. 2007. Byggðarráð samþykkir að framlengja ofangreint ákvæði til 31.12.2012.
7. Lögð fram styrkumsókn frá Laxasetri Íslands ehf. Erindinu hafnað.
8. Lagt fram til kynningar bréf UMFÍ frá 29. nóvember s.l. þar sem þakkað er fyrir glæsilega umgjörð og góðar móttökur á 1. landsmóti UMFÍ 50+.
9. Lagt fram erindi Héraðsnefndar Strandasýslu frá 1. desember s.l. um málefni Byggðasafns Húnavetninga og Strandamanna. Samþykkt að óska eftir fundi með stjórn byggðasafnsins í byrjun næsta árs.
Samþykkt að taka á dagskrá:
10. Skrifstofustjóri lagði fram afskriftarbeiðni frá Sýslumanninum á Blönduósi vegna óinnheimtra sveitarsjóðsgjalda. Byggðarráð samþykkir beiðnina og felur skrifstofustjóra að undirrita hana.
11. Byggðarráð samþykkir að gerast, ásamt öðrum sveitarfélögum á starfssvæði SSNV aðili að samningi SSNV við Markaðsskrifstofu Norðurlands.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 16:55

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Stefán Einar Böðvarsson.

Elín R. Líndal.

Áheyrnarfulltrúi:

Guðrún Ragnarsdóttir, fundarritari

Elín Jóna Rósinberg.